Loftlagsstefna

Framtíðarsýn

Markmiðið með loftslagsstefnu er að Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk) verði til fyrirmyndar í loftslagsmálum og leggi sitt af mörkum til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar. Unnið verði samkvæmt ISO 14001 vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi og dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda þar til kolefnishlutleysi er náð.

Markmið

Sjúkrahúsið á Akureyri ætlar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á stöðugildi um 40% fyrir árið 2030 með 2019 sem viðmiðunarár. Þegar ofangreindu markmiði er náð skulu sett fram önnur og háleitari markmið. Dregið verður úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi og markvisst unnið eftir aðgerðaáætlun sem horfir m.a. til eftirfarandi þátta:

- Takmarka skal flugferðir erlendis og innanlands með áherslu á fjarfundi og breytt vinnulag.
- Hvetja skal til þess að starfsmenn ferðist til og frá vinnu með vistvænum hætti og bæta aðstöðu þeirra til þess.
- Við endurnýjun á bílaflota sjúkrahúsins skal leitast við að velja bíla sem ekki nota jarðefnaeldsneyti.
- Leitast skal við að nýta vistvæna kosti þegar bílar eru leigðir.
- Minnka skal úrgang - með minni sóun og með því að auka flokkun umfram það sem þegar er gert.
- Fylgjast skal með orkunotkun og grípa til orkusparnaðaraðgerða eftir því sem við á.
- Horfa skal til loftslagsmála varðandi rekstur mötuneytis.

Gildissvið og eftirfylgni

Loftslagsstefnan gildir um alla starfsemi SAk. Hún gildir til ársins 2030 en skal endurskoðuð af umhverfisráði árlega og áherslur, markmið og aðgerðaráætlun uppfærð í samræmi við niðurstöður græns bókhalds. Þá skal meta hvort fullnægjandi árangur sé að nást og grípa til aðgerða ef svo reynist ekki vera. Stefna SAk er að kolefnisjafna eftirstandandi losun og verða kolefnishlutlaust.